

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. nóvember 2013 R2013110005
T-ums 17/13

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verlanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903, lögum um sameignarfélög, nr. 50/2007, og lögum um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003 - þingmál 132, þskj. 147.

Ríkisskattstjóri hefur þann 5. nóvember 2013 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að firmaskrá verði færð frá sýslumönnum til fyrirtækjaskrár. Þannig verði unnt að nýta þá þekkingu og tölvukerfi sem til eru í fyrirtækjaskrá til að halda utan um skráningu á einstaklingsfirmum, sameignarfélögum og samlagsfélögum. Í athugasemdum kemur fram að breytingin muni hafa í för með sér samræmingu á landsvísu og betri þjónustu við atvinnulífið og þá sé einnig hagræði í því að skráning atvinnurekstrar verði á einni hendi.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu þá er það samið í samstarfi við fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra. Embættið fagnar því framlagningu þess og telur að lögfesting þess muni leiða til einföldunar fyrir viðskiptalífið og tryggja að skráning sameignarfélaga og samlagsfélaga verði í samræmi við skráningu annarra félagafurma í atvinnurekstri. Hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra er fyrir hendi tölvukerfi sem nýtist til umræddrar skráningar og þá verður miðlun upplýsinga um þessi rekstrarform öruggari og nútímalegri en verið hefur. Jafnframt má nefna að starfsfólk fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra er þjálfað í yfirferð gagna sem tengist skráningu rekstrar og skýrir verkferlar eru til um meðferð gagnanna.

Í þessu sambandi telur ríkisskattstjóri þó óhjákvæmilegt að vekja athygli á að samkvæmt núgildandi lögum nr. 36/1978, um stimpilgjöld, eru félagssamningar félaga með ótakmarkaða ábyrgð stimpilgjaldsskyldir. Aðrir félagssamningar eru það ekki. Á Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp til laga um stimpilgjald sbr. 4. mál, þskj. 4. Með því frumvarpi er lagt til að gjaldskylda stimpilgjalds nái einungis til þeirra skjala sem varða eignaryfirfærslu fasteigna hér á landi og skipa yfir 5 brúttótonnum sem skrásett eru hér á landi. Að mati ríkisskattstjóra væri eðlilegt að við flutning firmaskráa til fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra væri fallið frá stimpilskyldu umræddra skjal til samræmis við önnur félagaform til samræmis við það sem lagt er til í áðurnefndu þskj. nr. 4. Áframhaldandi stimpilskylda kallar á flóknara ut anumhald en nú er. Ríkisskattstjóri leyfir sér því að leggja til að gætt verði að framangreindum athugasemdum við afgreiðslu þess frumvarps sem hér er til umsagnar sem og frumvarps til laga um stimpilgjald.

Að öðru leyti gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Skúli Jónsson


Guðrún J. Jónsdóttir